



MÍÐOPNA

78%
í vinnuskóla

22.-25. ágúst

Vítamíndagar

25% appsláttur

25% appsláttur af völdum vítamínum og bætiefnum

nettó



VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 21. ÁGÚST 2024 // 31. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Rauðu örvarnar á Keflavíkurflugvelli

Listflugsveitin Rauðu örvarnar hafði viðkomu á Íslandi á laugardaginn. Tólf þotur komu til landsins í tveimur hópum, sex vélar í hvorum hópi. Þoturnar komu að Keflavíkurflugvelli úr suðri og flugu lágflug yfir völinn og slepptu lituðum reyk. Á móts við norðurenda flugvallarins hækkuðu vélarar svo flugið og tóku krappa vinstri beygju og stefndu aftur inn til lendingar úr suðri. Eftir lendingu var farið með vélarar til geymslu á vestursvæði flugvallarins, þar sem sprengjuhæld flugskýli NATO eru. Rauðu örvarnar voru á leiðinni vestur um haf til þátttöku í flugsýningum í Kanada. Flugsveitin hefur áður haft viðkomu á Íslandi, síðast árið 2008 en þar á undan árið 2002 og 1970, samkvæmt heimildum Víkurfrétta. VF/Hilmar Bragi

MÁRTIL PARÍ SAR

og Max upp í sveit

SJÁ VIÐTAL Á ÍÐRÓTTAOPNU

VÍRDÓS

- tónlistarhátíð
óvenjulegra hljóðfæra

SJÁ VIÐTAL Á SÍÐU 4



Tími bæjarhátíða

Nú er tímabil bæjarhátíða í sveitarfélögum á Suðurnesjum. Sveitarfélagið Vogar reið á vaðið í síðustu viku með fjölskyldudögum sem náðu hámarki síðasta laugardag með tónleikum í Aragerði og magnaðri en stuttri flugeldasýningu við tjörnina. Framundan eru Vitadagar - hátíð milli vita, sem er bæjarhátíð Suðurnesjabæjar. Hátíðin mun standa yfir dagana 26. ágúst til 1. september. Þá tekur við Ljósanótt í Reykjanesbæ dagana 5. til 8. september. Hún verður með glæsilegasta móti í tilefni af því

að Reykjanesbær fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Í næstu tveimur tölublöðum Víkurfrétta verður hátíðunum í Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ gerð skil. Þannig verða Víkurfréttir með veglegt blað fyrir Ljósanótt. Við hvetjum þau sem ætla að koma að efni og auglýsingum að skila tímanlega til blaðsins. Póstfangið er vf@vf.is. Á myndinni hér til hliðar má sjá yfir hátíðarsvæðið í Aragerði í Vogum, þar sem bæjarbúar og gestir skemmtu sér í skjóli hárra trjáa. VF/Hilmar Bragi



VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Fjármála- og stjórnsýsluvið - Skjalastjóri

Hljómahöll - Tæknistjóri

Leikskólinn Hjallatún - Deildarstjóri

Velferðarsvið - Deildarstjóri í heima- og stuðningsþjónustu

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



Sigurður Ingi ásamt Gunnari Einarssyni, Guðnýju Sverrisdóttur, Hermanní Sæmundssyni og Fannari Jónassyni.

■ Fjármála- og efnahagsráðherra heimsótti Grindavík í síðustu viku:

Ekki laust við að maður fyllist sorg þegar ekið er inn í bæinn

„Það er ekki laust við að maður fyllist sorg þegar ekið er inn í bæinn. Það er ákveðinn einmanaleiki sem hellist yfir mann þegar ekið er upp á varnargarðana og hort yfir byggðina umkringda svörtu hrauninu,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, fjármála- og efnahagsráðherra, en hann heimsótti Grindavík síðastliðinn miðvikudag. Í heimsókn sinni naut hann leiðsagnar Fannars Jónassonar bæjarstjóra, Guðnýjar Sverrisdóttur

og Gunnars Einarssonar sem bæði eiga sæti í framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur sem í daglegu tali nefnist Grindavíkurnefndin. Þetta kemur fram á vef stjórnarráðsins.

„Á sama tíma fyllist maður trú á getu samfélagsins til að takast á við stórkostlegt afl náttúrunnar með hugvit og seiglu að vopni. Öllum sem hingað koma er ljóst að í Grindavík hefur verið unnið stórvirki. Það veitir einnig mikinn innblástur að ræða við atvinnu-

rekendur í Grindavík sem standa með samfélaginu sínu alla leið. Ég ætla ekki að þykjast skilja til fulls hvernig þeim líður sem þurft hafa að yfirgefa heimili sín og fá ekki að snúa aftur, að minnsta kosti um sinn. En ég get þó sagt að ríkisstjórnin mun áfram gera allt sem í hennar valdi stendur til að Grindavík verði aftur það öfluga bæjarfélag sem það var fyrir elds-umbrotin,“ segir fjármála- og efnahagsráðherra.

Allt hreint
Umhverfissvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINN DU OKKUR Á FACEBOOK

Ný verslun A4 opnuð í Reykjanesbæ

A4 hefur opnað nýja og glæsilega verslun í Reykjanesbæ. Verslunin er staðsett í miðbænum, við helstu verslunargötu bæjarins, Hafnargötu 27a. Nýja verslun A4 í Reykjanesbæ er sú áttunda í röðinni en utan höfuðborgarsvæðisins rekur fyrirtækið meðal annars verslanir á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

„Reykjanesbær er ört vaxandi sveitarfélag með öflugt atvinnulíf og blómlegt mannlíf, og við erum spennt fyrir því að bættast í hóp fyrirtækja í bænum,“ segir Vilhjálmur Sturla Eiríksson, framkvæmdastjóri sölusviðs og vörustýringar A4 í tilkynningu.

„Verslun okkar í Reykjanesbæ er um 250m² að stærð og voru miklar endurbætur gerðar á húsnæðinu til að gera verslunina sem glæsilegasta. Við bjóðum meðal annars upp á fjölbreytt úrval af rekstrarvörum og húsgögnum fyrir skrifstofuna, fallegar gjafavörur og vörur fyrir skapandi líf. Það er gott tækifæri fyrir íbúa, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til að kynna sér fjölbreytt vöruúrval A4 og njóta frábærs afsláttar á sama tíma.“



Vilhjálmur Sturla Eiríksson, framkvæmdastjóri sölusviðs og vörustýringar A4, ásamt Tinnu Kamillu Jóhannesdóttur, verslunarstjóra A4 í Reykjanesbæ, við opnun nýju verslunarinnar.

Ljósanæturblað VF

kemur út 4. september

Verið tímanlega með efni og auglýsingar.

Sími 421 0000 — Póstur: vf@vf.is

Úrval þátta og innslaga á vf.is

SUÐURNESJA
VF magasín



Skemmdarverk unnin á Reynisheimilinu

Brotist var inn í áhaldageymslu við Reynisheimilið við Stafnesveg í Sandgerði síðasta sunnudag. Unnin voru skemmdarverk á húsnæði og búnaði í geymslunni og eins á Reynisheimilinu sjálfu.

„Við Reynisfólk erum ákaflega sorgmædd yfir því að einhver skuli hafa í sér að fremja svona skemmd-

arverk og sjáum fram á nokkurn kostnað vegna þessa auk þeirra óþæginda sem svona verknaður veldur. Innbrotið var að sjálfsögðu tilkynnt til lögreglu,“ segir Ólafur Þór Ólafsson, formaður Reynis, í færslu á samfélagsmiðlum.

Líklegast var/voru skemmdarvargurinn/skemmdarvargarnir á

ferðinni einhvern tíma á milli kl. 14:00 og 17:00 á sunnudag. Ef einhver hefur upplýsingar sem gætu hjálpað við að upplýsa málið er viðkomandi beðinn um að hafa beint samband við lögregluna eða þau hjá Knattspyrnufélaginu Reyni.

Hátíó milli vita

Vitadagar

26. ágúst – 1. september
í Suðurnesjabæ

Mánudagur 26. ágúst

15:00–18:00 Eftirmiðdagskaffi eldri borgara á Kaffi Golu, Hvalsnesi
Kaffiveitingar til sölu. Dr. Sólveig Ólafsdóttir, sagnfræðingur flytur fyrirlesturinn „Sálin og fiskurinn“ kl. 16:00.

16:30 Fjölskylduquiz á Bókasafni Suðurnesjabæjar

19:00 Litaganga

Gengið frá þekkingarsetrinu í Sandgerði og frá Víðisvelli í Garði að Golf-skálanum. Grill í boði Kjörbúðarinnar, kjötsúpa í boði Skólamatar og Heiður Trúbadorar.

Þriðjudagur 27. ágúst

17:00–20:00 Fjölskylduleikar á Kaffi Golu, Hvalsnesi
Ýmsar þrautir: belgjahopp, hringjakast og fleira. Veitingasala á Kaffi Golu.

18:00 Vitahlaupið

Tvær hlaupaleiðir í boði. Skráning og nánari upplýsingar á netskraning.is/vitahlaupid.

19:00 Sjósund á Garðskaga í umsjón Gauju og Bylgju

19:00–22:00

Prjónakaffi í Auðarstofu
Öll velkomin, 200 kr. kaffisjóður.

Miðvikudagur 28. ágúst

17:00 Fjölskyldubingó

Í Samkomuhúsinu í Sandgerði í umsjón barna- og unglingaráðs Reynis/Víðis. Pizzasala og sjoppa á staðnum. Bingóspjald: 1.000 kr.

17:00–19:30 Opið hús hjá AtlantikH, Strandgötu 22

Íslensk hönnun úr íslensku lambaleðri og fiskroði. Góð tilboð og léttar veitingar.

17:30 Söguganga í Garði

Söguganga Merkra manna um merkingu gamalla húsa í Suðurnesjabæ. Gengið um Garð. Mæting á Skagabraut 86, Hólavöllum.

18:00 Streetball mót

Streetball körfuboltamót fyrir utan Gerðaskóla. Nánari upplýsingar og skráning á Facebook síðu Vitadaga.

19:30 Skvívukvöld á Sjávarsetrinu

Marta Eiríks, jógakennari kynnir nýjustu bókina sína, söngdávur skemmta gestum og leynigestur mætir. Sjávarrettasúpuhlaðborð á 2.200 kr.

20:30–21:30 Bílskúrsæfing hjá hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar

Sunnubraut 18, Garði. Gestir og gangandi velkomnir.

20:00–23:00 Lopapeysupartý í Þorsteinsbúð, Björgunarsveitahúsinu í Garði

Fram koma: Flóni, Guðjón Þorgils, Róbert Andri og hljómsveitin Payroll. Frítt er á viðburðinn sem er áfengis- og vímuefnalaus. 15 ára aldurstakmark.

Fimmtudagur 29. ágúst

12:00 Hádegisskemmtun hjá grunnskólum Suðurnesjabæjar fyrir nemendur.

17:00 Gallerí Skart 10 ára

Í tilefni afmælisins er gestum boðið að Kríulandi 8. Grill, hoppukastali og fleira.

17:00 Bílskúrstónleikar hjá hljómsveitinni Aesculus

Í portinu við Vélsmiðju Sandgerðis að Vitatorgi 5.

17:30 Söguganga í Sandgerði

Söguganga Merkra manna um merkingu eldri húsa í Suðurnesjabæ. Gengið um Sandgerði. Mæting í Vélsmiðju Sandgerðis, Vitatorgi 5.

18:00 Snúran, tónleikar á tjaldsvæðinu í Sandgerði

Fram koma: Daniel Hjálmtýsson, Hobbítarnir, Fríða Dís og Soffía Björg. Grillaðar pylsur í boði iStay.

20:30 Partý bingó

Í Samkomuhúsinu í Sandgerði í umsjón barna- og unglingaráðs Reynis/Víðis. Bingóstjórar: Eva Ruza og Hjálmar Örn. Veitingasala á staðnum. 18 ára aldurstakmark. Bingóspjald: 1.000 kr.

Föstudagur 30. ágúst

13:00–17:00 Hoppland við Sandgerðishöfn

Hægt að leigja blautbúninga. Pallar, trampólín og mikil gleði.

15:30 Norðurbær–Suðurbær

Fótboltamótið Norðurbær–Suðurbær fer fram á Brons vellinum. Skráning og nánari upplýsingar á nordursudurbær.is/skraning.

19:00 Saltfiskveisla í Reynisheimilinu

Fiskiveisla, Jón Jónsson, happdrætti, uppboð og fleira. Nánari upplýsingar á nordursudurbær.is.

23:00 Stórdansleikur með Stuðlabandinu

Ball í Samkomuhúsinu í Sandgerði. Miðaverð við hurð: 5.500 kr.

Laugardagur 31. ágúst

Hátíðarsvæði við Sandgerðisskóla

Hopp og skopp: hoppukastalar og hringekja

13:00–15:00 Andlitsmálning barnanna

14:00–16:00 Háskólalestin
Í sal Sandgerðisskóla.

13:00–15:30

Fjölskylduskemmtun á sviði

Leikskólabörn Suðurnesjabæjar syngja, Söngvasyrpa Lottu, VÆB bræður, Bestu lög barnanna og BMX brós.

20:00–22:00

Kvöldskemmtun á sviði

Lalli töframaður, Jóhanna Guðrún, Birnir, Róbert Andri með brekkusöng, Sigga og Grétar úr Stjórinni.

22:15 Flugeldasýning í umsjá

Björgunarsveitarinnar Sigurveonar
Staðsetning: Sjávargata við Sandgerðishöfn

Dagskrá utan hátíðarsvæðis

09:00 Golfklúbbur Sandgerðis–

Opna Icewear mótið
Skráning á golf.is/golfbox. Mótsgjald: 6.500 kr. Glæsilegir vinningar.

10:00–20:00 Fornbílasýning

Fornbílar til sýnis á planinu við gömlu slökkvistöðina í Sandgerði.

11:00 Dorgveiðikeppni við Sandgerðishöfn

16:00 Bjórhlaupt Litla brugghússins
Forskráning og nánari upplýsingar á Facebook undir „Bjórhlaupt Litla brugghússins“. Þátttökugjald 4.000 kr. 4.500 kr. á hlaupadegi.

16:00 Reynir–Haukar á Brons vellinum

Veitingasala og skemmtun í tjaldinu frá kl. 15:00.

13:00–17:00 Opið hús í Miðhúsum

Kaffi og kleinur, söluvarningur og nemendur úr Tónlistarskóla Sandgerðis.

22:30 Sjávarsetrið

Diddi trúbador spilar að lokinni flugeldasýningu, frítt inn.

Sunnudagur 1. september

12:00–13:00 Þrautabraut fyrir yngstu börnin

1–5 ára börn velkomin með forráða-mönnum í íþróttahúsið í Sandgerði.

13:00–17:00 Þekkingasetur

Suðurnesja

Spjaldtölvuforritið Fróðleiksfúsi, sýningar þekkingarsetursins og listaverk vinnuskóla Suðurnesjabæjar. Boðið verður upp á grillaðar pylsur frá kl. 13:00–14:00.

21:00 Ásgeir Trausti

– Einför um Ísland

Tónleikar með tónlistarmanninum

Ásgeiri Trausta í Útskálakirkju.

Miðasala á Tix.is

Aðrir viðburðir

Bragginn Skagabraut 17

Opið miðvikudag og fimmtudag frá kl. 13:00–16:30.

Byggðasafnið á Garðskaga

• Opið alla daga frá kl. 10:00–17:00.

• Sýning á ljósmyndum úr Garði og Sandgerði. Sýning um vitana í Suðurnesjabæ.

• Hugur, heimili og handverk Suðurnesjamanna.

Íþróttamiðstöðvar Suðurnesjabæjar

Frítt í opna hóptíma alla vikuna.

Tímar auglýstir á Facebook síðum íþróttamiðstöðvanna.

Sjólýst/Unuhús

Opið laugardag og sunnudag frá kl. 13:00–17:00.

Styttu og ævintýragarðurinn Urðarbraut 4

Opið mánudag–fimmtudag frá kl. 14:00–17:00.

Þekkingarsetur Suðurnesja

Opið mán–fim frá 10:00–16:00 og lau–sun frá 13:00–17:00.

Nánari upplýsingar

Við vekjum athygli á því að dagskráin getur tekið breytingum og hvetjum því bæjarbúa til að fylgjast með á heimasíðu Suðurnesjabæjar og Facebook síðu Vitadaga.

sudurnesjabaer.is

■ Fab Lab er stafræn sköpunarsmiðja og hefur fengið góðar viðtökur. Opnaði fyrr á þessu ári í húsnæði Fjölbrautaskóla Suðurnesja



„Það er hægt að framkvæma nánast allar óskir, ég hef aldrei vísað neinum í burtu án þess að viðkomandi væri kominn með einhverja leið að hugmynd sinni,“ segir Vilhjálmur Magnússon, verkefnastjóri hjá Fab Lab á Suðurnesjum en á föstudaginn milli kl. 13 og 17 mun Fab Lab vera með sýningu á hljóðfærum sem hönnuð eru og smíðuð á staðnum, m.a. í þrívíddarprenturum. Sýningin fer fram í húsnæði Fab Lab í Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Fab Lab kemur af ensku orðunum Fabrication Laboratory, sem er eins konar framleiðslu tilraunastofa. Fab Lab á rætur sínar að rekja til Center for Bits and Atoms hjá MIT háskólanum í Massachusetts í Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir stofnun Fab Lab var að gefa almenningi kost á að prófa þessa nýju stafrænu tækni og fóru undirtektirnar langt fram úr væntingum. Árið 2008 þegar fyrsta Fab Lab smiðjan á Íslandi var sett á laggrinnar í Vestmannaeyjum höfðu 38 Fab Lab smiðjur verið stofnaðar í heiminum en nú árið 2024 er fjöldi Fab Lab smiðja í heiminum yfir 3000 talsins og fjöldi starfandi Fab Lab smiðja á Íslandi er nú þrettán. Smiðjan á Suðurnesjum tók til starfa um síðustu áramót.

Vilhjálmur er tónlistarmaður og hefur smíðað mörg óvenjuleg

hljóðfæri í starfi sínu hjá Fab Lab en hann bjó í tólf ár á Hornafirði þar sem Fab Lab er m.a. Stofan á Suðurnesjum er ný til komin, tók til starfa um áramótin og þá hóf Vilhjálmur störf. Það eru langt í frá bara hljóðfæri sem hægt er að smíða í Fab Lab og í raun má segja að engin hugmynd sé það vitlaus að henni sé ekki fundinn einhver farvegur.

„Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn nýsköpunarsmiðja, smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Við erum með laserskera,



Vilhjálmur með hljóðfæri sem hann hannaði, Þeremín slidegítar.

þrívíddarprentara, rafrásafresara og ýmislegt annað sem þarf til að smíða nánast allt milli himins og jarðar. Þessi sýning á föstudaginn snýr að þeim hljóðfærum sem bæði ég og aðrir hafa smíðað en hér í bæ er flottur hljóðfærasmíður, Þorkell Jósef Óskarsson og hann mun líka sýna á sýningunni. Hann hefur handsmiðað mikið af óvenjulegum hljóðfærum sem landsþekkt tónlistarfólk hefur keypt af honum. Það verða um fimmtán hljóðfæri til sýnis og verður hægt að fá að prófa þau. Þessi sýning er einnig til að kynna hvað Fab Lab Suðurnes hefur upp á að bjóða. Ég hef fengið margar beiðnir og óskir í gegnum tíðina og held að mér sé óhætt að segja að enginn hafi farið í burtu með sköttið á milli lappanna.“

Fab Lab er fyrir alla

„Eftir mörg ár í þessu starfi hafa a u ð v i t a ð komið hugmyndir sem eru illframkvæmanlegar en oftast er hægt að koma með aðrar lausnir í staðinn, það er hægt að finna nánast öllum beiðnum einhvern farveg. Stundum vísar maður á aðra ef að það er ekki hægt að vinna verkefnið í Fab Lab smiðjunni, eins og t.d. að þrívíddarprenta málmhluti. Það er ekki ólíklegt að hægt verði að gera það

í framtíðinni en í dag eru slíkir prentarar mjög dýrir.

Ég hvet alla sem eru með hugmynd í kollinum að kíkja við hjá okkur á föstudaginn. Fab Lab er fyrir alla, og það þarf enga sérstaka þekkingu til að nýta sér smiðjuna. Það eina sem þarf er áhugi og leyfa sköpunarkraftinum að njóta sín,“ sagði Vilhjálmur að lokum.



Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



Flügger

SÖLUSTJÓRI FAGAÐILA BYKO SUÐURNES

**VIÐ HJÁ BYKO ERUM AÐ LEITA AÐ ÖFLUGUM
EINSTAKLINGI TIL AÐ SINNA STARFI
SÖLUSTJÓRA FAGAÐILA Í VERSLUN BYKO Á
SUÐURNESJUM.**

Ef þú ert framsækinn og faglegur einstaklingur með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Umsóknarfrestur er til 26. ágúst.

Við leitum að einstaklingi með:

- Brennandi áhuga á sölu
- Þekkingu á byggingaefni, kostur
- Menntun sem nýtist í starfi - iðnmenntun kostur
- Góða tölvukunnáttu - þekking á AX og CRM kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Samviskusemi, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Íslensku- og enskukunnáttu - skilyrði

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina, tilboðsgerð, eftirfylgni og afgreiðsla
- Samskipti við vöruflokkastjóra, verktafa o.s.frv. í samráði við verslunarstjóra
- Þátttaka í söluátökum og söluferðum/heimsóknum á starfssvæði
- Önnur tilfallandi störf

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; *fagmennska, framsækni og gleði.*

BYKO á Suðurnesjum mun flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði að Fitjabraut sumarið 2025.

Allar nánari upplýsingar veitir **Gunnur Magnúsdóttir**, verslunarstjóri (gunnurm@byko.is).



Skannaðu kóðann til
að sækja um.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Vinnuskólinn í Suðurnesjabæ virkjar ungmenni félagslega



Ungmennin í Vinnuskóla Suðurnesjabæjar eru búin að vera mjög dugleg að sinna ýmsum verkefnum í sumar, segir á vef Suðurnesjabæjar. Sólin hefði þó mátt láta sjá sig oftar. Helstu verkefni ungmennanna hafa verið að fegra beð og götur bæjarins, einnig hafa þau verið að aðstoða við fótbolta- og leikjanámskeið og að mála hin ýmsu listaverk um bæinn.

Vinnuskólinn er hugsaður til að virkja ungmenni félagslega, hjálpa þeim að halda rúttinu og draga úr félagslegri einangrun á sumrin.

Mikið hefur verið lagt upp úr því að það sé gaman í vinnunni og hefðbundinn vinnudagur brotinn upp með fræðslu frá jafningjafræðslunni, keppni um best hreinsaða svæðið og uppskeruhátíð í lok sumars.

Oft og tíðum eru þetta fyrstu kynni ungmenna af launuðu starfi

og veitir vinnuskólinn þeim tækifæri til að taka þessi fyrstu skref undir handleiðslu í vernduðu umhverfi og með jafnöldrum. Suðurnesjabæ tryggir öllum ungmennum á aldrinum 14-17 ára vinnu í vinnuskólanum, segir jafnframt á vef bæjarins, þar sem einnig eru birtar nokkrar myndir frá sumrinu.



Úr starfsemi vinnuskólans í Suðurnesjabæ. Myndir/Suðurnesjabæ

Rétturinn
Ljúffengur heimilismatur í hádegini

Opið: **11-13:30** alla virka daga

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heyrnartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyirn.is

Bíla viðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

vf.is

Sjaldan eins rólegt í Suðurnesjahöfnum

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisli@aflafrettir.is



Ágúst mánuður orðinn meira en hálfnaður og það er búið að mjög rólegt í höfnunum á Suðurnesjunum í mánuðinum. Í raun má segja að það hafi sjaldan verið jafn rólegt, því þegar þessi pistill er skrifaður þá hafa aðeins 70 tonn komið á land, 22,7 tonn af því eru í Keflavík af tveimur bátum, Adda Afa GK sem er með 8,1 tonn í sex róðrum og Sunnu Líf GK sem er með 14,7 tonn í sex, báðir þessir bátar eru á netum og báðir að veiða fyrir Hólmgím. Restin af þessum 70 tonnum, eða 47 tonn hafa komið á land í Sandgerði og þar af á Siggí Bjarna GK 33,1 tonn í fimm róðrum á dragnót. Það vekur athygli með þann afla að þorskur er aðeins 2,3 tonn.

Aðrir bátar sem hafa landað í Sandgerði eru allt handfærabátar. Hafdalur GK er hæstur með 4,6 tonn í fjórum róðrum og mest 2 tonn. Tóki ST með 2,4 tonn í þremur róðrum. Kristbjörg KE 1,7 tonn. Líf NS 1,6 tonn. Jón Pétur RE 1,2 tonn. Hrappur GK 791 kg. Grindjáni GK 562 kg. Árni Sigurpáls GK 364 kg. Garpur RE 315 kg. Húnaröst RE 236 kg. Dímon GK, Guðrún GK og Bára KE allir með undir 200 kg í einni löndun eins og bátarnir hér að framan.

Aðeins einn stór línubátur frá Grindavík hefur landað afla og það er Sighvatur GK en hann kom til Þorlákshafnar með 80 tonn í einni löndun. Af þessum afla þá var mest af keilu og löngu, 37 tonn af keilu



og 24 tonn af löngu. Aðeins 3,4 tonn voru af þorski í þessum afla.

Þó svo að ekki sé mikið um landanir enn sem komið er á Suðurnesjunum þá eru nú samt sem áður bátar héðan bæði á Austurlandi og Norðurlandi sem eru á róa og af þeim er Óli á Stað GK hæstur með 68 tonn í níu róðrum. Báturinn er að róa frá Siglufirði og Skagaströnd. Margrét GK kemur þar á eftir með 65 tonn í 13 róðrum, róið frá Hólmavík. Margrét GK er að veiða byggðakvóta á Hólmavík og er hluti af aflanum unnin á þar,



Hópsnes GK er með 32 tonn í átta róðrum. Gulltoppur GK með 29 tonn í átta, Geirflugl GK með 25 tonn í sex, þessir bátar eru á Skagaströnd.

Frekar rólegt er hjá togurum. Pálína Þórunn GK er núna á Akureyri og hefur ekki landað neinum afla síðan snemma í júlí á þessu ári. Sturla GK var búinn að vera stöpp síðan í enda maí en er kominn á veiðar aftur og kom með 63 tonna afla til Þorlákshafnar. Af þessum afla þá voru um 30 tonn af þorski. Sóley Sigurjóns GK er ennþá á rækjuveiðum frá Siglufirði og kom með 29 tonn í einni löndun þangað og af þessum afla þá var rækja 13,5 tonn.

Einhver makrill er byrjaður að veiðast út af Austurlandi og eru það stóru uppsjávarskipin sem eru á þeim veiðum. Enginn makrill hefur komið í veiðanlegu magni inn á Faxaflóa en það var oft mjög mikið líf, sérstaklega í Keflavík þegar að makrillinn var þar og bátarnir mokveiddu á færin svo til inn í höfninni sjálfri.

Minum á veglegt Ljósanæturblað 4. september

Verið tímanlega með efni og auglýsingar. Sími Víkurfrétta er 421 0000 og póstur: vf@vf.is

VÍRDÓS
TÓNLISTARHÁTIÐ
OVENJULEGRA

HLJÓÐFÆRA
og græjusýning


Föstudaginn 23. ágúst 2024 verður haldin hljóðfæra- og græjusýning í Fab Lab Suðurnes. Viðburðurinn hefst klukkan 13:00 og stendur til 17:00

Sýnd verða allskynns óvenjuleg hljóðfæri sem hægt verður að fá að prófa, eins og vinslakassagítarar, modúla, trommheilar, munnhörpumagnarar og aðrar græjur. Við verðum einnig með kassettutæki, spilum kassettur og spjöllum um tónlist!

Verið velkomin á Vírdós viðburð!

FABLAB
SUÐURNES

Smíðjan er staðsett í Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Sunnubraut 36, séringgangur frá Faxabraut.



Framtíðin er ljós

Öruggt samband á Suðurnesjum

Suðurnesjalína 2

Eykur afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum og flutningsgetu raforkukerfisins milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.

LANDSNET



Úr leik og starfi Vinnuskólans í Reykjaneshæ í sumar.



Engar kvartanir merki um gott sumar

■ Blautt í beðunum hjá Vinnuskóla Reykjaneshæjar ■ 78% ungmenna stunduðu vinnuskólann í sumar ■ Borga hæstu launin

Hátt í 700 ungmenni í Reykjaneshæ störfuðu hjá Vinnuskóla Reykjaneshæjar í sumar. Vinnuskólinn er fyrir ungmenni í áttunda til tíunda bekk grunnskóla. Yngsta starfsfólkið skilar 60 vinnustundum en þau eldri 120 stundum. Þeir Viktor Emil Sigtryggsson, forstöðumaður Vinnuskólans í Reykjaneshæ og Hreggviður Hermannsson, umsjónarmaður samstarfsverkefna, tóku á móti blaðamanni Víkurfrétta og ræddu vinnuskólalífið.

REYKJANESBÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Hvernig var sumarið hjá Vinnuskólanum í Reykjaneshæ. Hvað voru mörg í vinnu í sumar?

„Það voru 665 krakkar að vinna í vinnuskólanum. Þau voru í almenntri beðahreinsun og svo í allskonar samstarfsverkefnum. Þetta er í raun sama prógramm og verið hefur undanfarin ár og þar af voru 42% hópsins í samstarfsverkefnum.“

Sem eru þá hvernig verkefni?

„Við erum í samstarfi við leikskóla og íþróttafélög. Taekwondo-deildin er í samstarfi við okkur, báðar knattsrnu deildirnar í Keflavík og Njarðvík ásamt körfuknattleiksdeildunum frá sömu félögum. Þá erum við í samstarfi við Golfklúbb Suðurnesja, bókasafnið í Reykjaneshæ og aðrar stofnanir.“

Þannig að einstaklingar frá ykkur fara í verkefni á þessum stöðum?

„Þau sækja sérstaklega um að fá að vinna með börnum og við sendum lista út á þessi samstarfsverkefni og þau vinna út frá listanum. Þau sem fara í svona samstarfsverkefni eru á sama tíma kaup og í beðahreinsuninni og skila sama vinnutíma.“

Rigning dag eftir dag

Verkefni Vinnuskólans í Reykjaneshæ felst í beða- og gatna-hreinsun. Starfsfólkið er að hreinsa gras á milli gangstéttarhellna víðsvegar um bæinn. Þeir Vikor og Hreggviður viðurkenna að verkefni séu einhæf og þegar sumarið var eins og í sumar veðurfarslega, þá var vinnan oft blaut og leiðinleg. „Þegar þú mætir alla morgna í að hreinsa upp gras og það rignir dag eftir dag, þá getur þetta verið erfitt. Að sama skapi er þetta bara góð stemning í góðu veðri.“

Í vinnuskólanum er reynt að brjóta upp starfið og gera eitthvað skemmtilegt samhliða. Vinnuskólinn var færður frá umhverfissviði og undir menntasvið fyrir síðasta sumar og þá var sett inn meiri áhersla á menntun og fræðslu inn í starfseminu til að byggja upp einstaklingana. Það eru ýmsir hvatar í kerfinu. Eitt verkefni er klárað í tíma og þá vinnst tími til að taka fram körfuboltann í hálf tíma.

Sýna frumkvæði og vera virk

„Fyrst og fremst erum við að kenna ungmenninum þau gildi að sýna frumkvæði og vera virk í vinnunni.“

Það er gömul mýta að starfsfólk vinnuskólans sé annað hvort sofandi í blómabeði eða fram á kútskaft. Þeir félagar segja að auðvitað gerist það að lífinu sé tekið rólega þegar sólin lætur sjá sig, en rigningardagar eins og í sumar séu ekki ákjósanlegir til að leggjast í næsta beð.

Íbúar í Reykjaneshæ muna örugglega eftir því þegar Vinnuskólinn birti fyrir og eftir myndir af svæðum sem verið var að snyrta og mátti sá mikinn og góðan árangur. Þessi vinna er enn í gangi og keppnisskap í unga fólkinu sem



Hreggviður Hermannsson og Viktor Emil Sigtryggsson.

var að fegra bæinn. Stjórnendur ákváðu hins vegar að leggja minni áherslu á að birta þessar myndir nú. Samfélagsmiðlarnir voru frekar notaðir til að sýna stemninguna í hópnum sem var að störfum í sumar.

Skila 60 til 120 vinnustundum

Í Vinnuskóla Reykjaneshæjar eru ungmenni úr 8. til 10. bekk í grunnskólum bæjarins. Áður fyrr var skipt upp í A- og B-tímabil. Núna var þetta bara eitt tímabil og starfsmenn úr 9. og 10. bekk

kláruðu sína 120 tíma á meðan 8. bekkur var með 60 tíma. Starfsmenn úr 8. bekk unnu þrjá tíma á dag á meðan þau eldri voru í sex tíma á dag. Fyrir vinnuna fær svo starfsfólkið greitt tvívegis yfir sumarið. Launin eru svo 1.300 til 1.500 krónur á tímann með orlofi. Ungmennin í 8. bekk í Reykjaneshæ geta státað af því að vera með mun hærri laun en jafnaldrar þeirra í sveitarfélögum sem Reykjaneshæ ber sig saman við. „Við erum að borga best,“ segja þeir félagar.



78% ungmenna í vinnuskóla

„Þátttakan í Vinnuskólanum í Reykjaneshæ var mjög góð í sumar, 78% allra ungmenna í 8. til 10. bekk voru í vinnu hjá skólanum í sumar. Það er heldur ekki úr miklu öðru að móða fyrir fólk á þessum aldri, eiginlega ekkert annað að hafa. Það er af sem áður var þegar ungmenni gátu fengið alla þá vinnu sem þau vildu í fiskvinnslu.“

Í dag er sláttur á grænum svæðum boðinn út í Reykjaneshæ en sláttuvinnan er eitthvað sem þeir Viktor og Hreggviður horfa til í framtíðinni sem verkefni fyrir ungmennin í vinnuskólanum. Þau geti auðveldlega tekið að sér einhver tón og jafnvel þjónustað garða fyrir eldri borgara. Staðan sé hins vegar þannig að Vinnuskólinn í Reykjaneshæ eigi ekki eina einustu sláttuvél. Kannski verði það í framtíðinni.

Viktor kemur frá Akureyri og er með þá sýn þaðan að þar slær umhverfismíðstöðin græn svæði en vinnuskólinn sér svo um að raka og hirta upp grasið. Það sé verkefni inn í veturinn að skoða enn frekar hvaða verkefnum Vinnuskólinn í Reykjaneshæ eigi að sinna fyrir bæjarfélagið og hvernig hægt sé að skapa vinnuskólanum fjölbreyttari verkefni.

Geta vel við unað

Þegar sumarið hjá Vinnuskóla Reykjaneshæjar er gert upp, þá geta öll vel við unað. Skömmu áður en útsendari Víkurfrétta tók hús á stjórnendum vinnuskólans höfðu borist þær upplýsingar að engar kvartanir höfðu borist til Reykjaneshæjar í sumar vegna vinnu skólans. Það gerist stundum að eldri og vitrari hringi inn kvartanir þegar þau sjá ungmenni vera að slæpast við vinnuna. „Ekkert slíkt símtal barst í sumar. Það er merki um mjög gott sumar,“ sögðu þeir Viktor og Hreggviður hjá Vinnuskóla Reykjaneshæjar.





Vel heppnaðir fjölskyldudagar í Vogum



Veðurguðirnir léku við íbúa í Sveitarfélaginu Vogum og gesti þeirra á árlegum fjölskyldudögum sem fram fóru í síðustu viku. Dagarnir eru ávallt haldnir aðra helgina eftir verslunarmannahelgi.

Fjölskyldudagar hófust með tónleikum í Háabjalla. Þar er skógarrjóður og skemmtilegt umhverfi til tónleikahalds. Brekkusöngur var á föstudagskvöldið en laugardagurinn er ávallt stærsti dagur hátíðarinnar. Þá safnast fólk saman í Aragerði, skjólsælum garði í Vogum þar sem sett er upp svið og sölutjöld. Þar var dagskrá allan daginn og fram á kvöld þegar tónlistarveisla var á sviði og kvöldinu lauk svo á flugeldasýningu. Á sunnudeginum var svo dagskrá við Kálfatjarnarkirkju. Meðfylgjandi myndir voru teknar á hátíðinni.



Lánastjóri fyrirtækja

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi, sem hefur drifkraft og metnað til að vinna að krefjandi verkefnum sem lánastjóri fyrirtækja í Reykjanesbæ. Starfið tilheyrir Viðskiptabankasviði Íslandsbanka sem veitir alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja.

Helstu verkefni

- Greining fjárhagsupplýsinga
- Áhættumat og mat á láns hæfi fyrirtækja
- Undirbúningur og vinnsla lánamála fyrir lánanefndir
- Eftirlit og eftirfylgni með lánsamningum og útlánnum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Samskipta- og greiningarhæfni, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót

Nánari upplýsingar veita Sighvatur Ingi Gunnarsson útibússtjóri (sighvatur.ingi.gunnarsson@islandsbanki.is) og Guðlaugur Örn Hauksson ráðningastjóri (gudlaugurh@islandsbanki.is).

Umsóknir skulu sendar í gegnum ráðningarsíðu bankans. Umsóknarfrestur er til 27. ágúst



Félagarnir David og Óskar tóku lagið að venju á Skötumessu. VF/sigurbjörn.



Ásmundur með fulltrúum styrkþega.

Okkar mottó er að búa til tvær krónur úr einni

■ Fullt hús í Garðinum á Skötumessu sem styður við bakið á þeim sem minna mega sín

■ „Gaman hve vel hefur tekist í gegnum tíðina,“ segir Ásmundur Friðriksson

VF GARDUR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



„Þetta er sautjándi eða átjándi skiptið sem Skötumessan fer fram, við fyllum brátt annan tuginn, þetta hafa verið gjöful ár,“ segir alþingismaðurinn Ás-

mundur Friðriksson, sem stóð fyrir hinni árlegu Skötumessu í Gerðaskóla í Garðinum miðvikudaginn 17. júlí ásamt sínu fólki. Allur ágóði rennur í þörf og góð



Styrkleikarnir á Keflavíkuvelli 6. – 7. september.

Styrkleikar Krabbameinsfélagsins snúast um að styðja við, heiðra og minnst þeirra sem hafa fengið krabbamein. Styrkleikarnir eru fjölskylduviðburður og það verður eitthvað um að vera fyrir alla aldurshópa.

Finum styrkinn í samstöðunni.

Nánari upplýsingar á styrkleikarnir.is



Krabbameinsfélagið



málefni og skemmti fólk sér hið besta og héldu allir pakksaddir heim eftir skötu- og saltfiskát en annar matur var líka á boðstólum.

Skötumessa í Garði tók við af Ísfirðingum má segja, sem héldu Þorláksmessu hátíðlega að sumri.

„Ég og Guðjón Sigurðsson, formaður MND-samtakanna, tókum við keflinu og okkur hefur vaxið fiskur um hrygg allar götur síðan má segja. Við byrjuðum með litla skötumessu heima hjá okkur þegar við hjuggum í Keflavík en þegar ég tók við sem bæjarstjóri í Garðinum árið 2009, höfum við haldið þetta þar síðan þá og það má segja að búið sé að vera uppselt hjá okkur undanfarin ár, færri komast að en vilja. Við Theodór og Þórarinn Guðbergssynir ásamt eiginkonum okkar og Guðlaugi Helga Sigurjónssyni, höfum séð um Skötumessuna en nú hefur Teddi kvatt okkur og við söknum hans. Við keflinu taka Gunnrún dóttir Tedda, Ævar Ingi bróðir hans, Svava og Sveinn Ingi. Allt úrvalsfólk.

Eins og stór fjölskylda

Þetta eru um 500 manns sem mæta á hverju ári og það má segja að þetta sé orðið eins og ein stór fjölskylda, þetta eru mest sömu andlitin ár eftir ár og það er bara yndislegt. Skemmtiatriðin koma bæði heiman úr héraði og líka utan, t.d. kom sönghópurinn Gleyrn mér ei, það er Ólafur vinur minn frá Eyjum og dætur hans auk undirleikara, þau höfðu samband að fyrra bragði og báðu um að fá að vera með og það eina sem þau vildu fá í staðinn var að fá að borða skötu. Allt listafólkið gefur vinnu sína en ef fólk er með ferðakostnað komum við að sjálfsgöðu

til móts við það. Þetta er ofboðslega gefandi og ég stefni auðvitað á að fylla annan tuginn en svo erum við farin að hjálfa fólk í að taka við af okkur.“

Margir aðilar fengið styrk

Það eru margar milljónir sem safnast ár hvert og má segja að hópurinn tvöföldi þá upphæð sem safnast.

„Það er gaman hversu vel hefur tekist í gegnum tíðina að safna fé og okkar mottó er að búa til tvær krónur úr einni. Við erum búin að útbýta alls kyns styrkjum frá fyrirtækjum og eigum eftir að fá betri afsláttarkjör hjá þeim svo við náum að búa til meiri verðmæti en bara þær krónur sem safnast. Hvernig við útbýtum fjármuninum er eftir ýmsum leiðum, bæði hefur fólk samband og við fylgjumst með því sem er í gangi. Veikindi og sly og gerast í öllum stigum þjóðfélagsins og það yljur okkur um hjartarætur að geta stutt við bakið á þeim sem minna mega sín. Við fáum alltaf allt hráefnið án þess að þurfa borga fyrir það, Fiskmarkaður Suðurnesja hefur mörg undanfarin ár séð um kostnaðinn við alla skötuna sem kom frá Fiskbúð Reykjaness að þessu sinni. Brim og Icelandair Cargo styðja alltaf myndarlega við bakið á okkur, plockfiskinn fáum við frá Axel í Skólamat og kartöflur og rófur komu frá Forsæti í Flóa og frá vinum og vandamönnum í sveitinni. Ég vil þakka samfélaginu fyrir að taka okkur svona vel og hafa stutt við bakið á okkur og ég vil sérstaklega þakka öllum fyrirtækjum og sveitarfélaginu Suðurnesjabæ fyrir stuðninginn. Ég er strax farinn að hlakka til næstu skötumessu,“ sagði Ási að lokum.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is



Brjóstaskimun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í nóvember

Í tengslum við afmælisviku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, HSS, mun Brjóstamiðstöð Landspítala í samvinnu við HSS vera með brjóstaskimun í húsnæði heilsugæslunnar 20.-27. nóvember 2024.

Í framhaldinu er stefnt að því að bjóða árlega upp á skimun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þetta er gert í ljósi þess að samkvæmt lýðheilsuvísun Embættis landlæknis sést að skimun fyrir brjóstakrabbameini hjá konum er marktækt lægri á Suðurnesjum en annars staðar á landinu.

Gerðar verða auglýsingar til að hvetja konur til skráningar og munu þær verða birtar nú í september, Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, segir frá því í pistli sem hún skrifar.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fór í stefnumótunavinnu fyrir á árinu og í tengslum við þá vinnu bárust ábendingar sem unnið var með. Niðurstaða stefnumótunarinnar verður kynnt á afmælistofnunarinnar í nóvember næstkomandi.

Grunnskólar settir í lok vikunnar

Nú líður senn að því að nemendur grunnskóla Reykjanesbæjar hefji störf. Fimmtudaginn 22. ágúst og föstudaginn 23. ágúst eru skólasetningar en nánari upplýsingar fyrir hvern skóla eru birtar á heimasíðum þeirra. Um 260 fyrstu bekkingar eru nú að hefja grunnskólanám

og taka sín fyrstu skref inn í grunnskólana, segir í tilkynningu á vef Reykjanesbæjar.

Alls eru nemendur í grunnskólum Reykjanesbæjar um 2815 sem er fjölgun um 167 nemendur frá skólabyrjun fyrir ári síðan þegar þeir voru 2648. Flestum nemendum og foreldrum finnst gott að

komast aftur í sínar venjur hausts og vetrar þó erfitt geti reynt að kveðja sumarið. Framundan eru arkandi börn um allan bæ með skólatöskur á bakinu og því eru ökumenn beðnir um að sýna sérstaka aðgát í nágrenni skóla.



Óperustúdíó í Reykjanesbæ

Óperufélagið Norðuróp er að setja á laggirnar Óperustúdíó í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Óperustúdíó er þjálfun fyrir efnilega óperusöngvara sem eru langt komnir í námi eða eru útskrifaðir einsöngvarar sem vilja bæta við sig þjálfun í sviðsframkomu og læra að undirbúa óperu- og söngleikjahlutverk og flytja á sviði undir leiðsögn fagfólks.

Norðuróp og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hafa átt farsælt samstarf síðustu ár og sett upp margar mjög vel heppnaðar sýningar saman: Brúðkaup Fígarós, Fíðlarinn á þakinu, Mozart Requiem og Verdi Requiem. Í öllum

þessum uppfærslum hafa fjölmargir nemendur og kennarar skólans ásamt nemendum annars staðar að af landinu, sem og fag-lærðir söngvarar tekið þátt og öðlast mikla reynslu.

Í tengslum við Óperustúdíóið verður Hátíðarkór Norðuróps sem starfar í tvo mánuði á hverju hausti í tengslum við stærri verkefni sem kalla á stóran og öflugan blandaðan kór.

Í boði eru fjórar þátttökuleiðir. Leið 1 og 2 nýtast nemendum Tónlistarskólans og söngnemendum skólans sem lokið hafa framhaldsprófi. Leið 3 er ætluð útlærðum söngvurum, nemendum LHÍ, söngnemendum úr öðrum tón-

listarskólum sem hafa lokið a.m.k. miðprófi og vilja taka þátt í Óperustúdíóinu og eða Hátíðarkór og eru með kennara og eða meðleikara í öðrum tónlistarskólum.

Það verða tveir aðal kennarar starfandi við Óperustúdíóið:

Jóhann Smári Sævarsson óperusöngvari: Óperusöngkennsla, leiklist og túlkun.

Antonia Hevesi, píanóleikari: Óperuþjálfun og æfingapíanisti.

Nánari upplýsingar hjá Jóhanni Smára Sævarssyni johannaesvarsson@hotmail.com og á vefsíðu Tónlistarskóla Reykjanesbæjar tonlistarskoli.reykjanesbaer.is

Ljósanæturblað VF

kemur út 4. september

Verið tímanlega með efni og auglýsingar.

Sími 421 0000 — Póstur: vf@vf.is



MINNUM Á AÐ HÁDEGISMÁLTÍÐIR ERU NÚ GJALDFRJÁLSAR

SKRÁNING Í MATARÁSKRIFT HEFST 22. ÁGÚST

SKRÁNING FER FRAM Á WWW.SKOLAMATUR.IS



„Ég vil frekar fylgja hjartanu í minni tónlistarsköpun í stað þess að gera það sem markaðurinn kallar eftir,“ segir verkefnastjórinn og listamaðurinn **Daníel Hjálmtýsson** en hann vakti athygli fyrr á þessu ári þegar hann kynnti til sögunnar spjaldtölvuforritið **Fróðleiksfúsi** í **Þekkingarsetri Suðurnesja**. **Fróðleiksfúsi** er fræðsluleikur um fugla og sjávardýr af öllum stærðum og gerðum en aðallega lífríkið á Suðurnesjum.



Fróðleiksfúsi rokkarinn í Sandgerði



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Búið er að þýða **Fróðleiksfúsa** á pólsku og leikurinn er í stöðugri þróun má segja með viðbótum og nýjum dýrum sem bætast við hægt og örugglega. Fyrir utan störf sín sem verkefnastjóri hjá **Þekkingarsetrinu** þá er **Daníel** einnig starfandi tónlistarmaður, semur og gefur út tónlist ásamt því að halda tónleika víða um heim. Von er á nýrri plötu frá kappanum og hljómsveit hans, sem samnefnd er **Daníel**. **Daníel** fór yfir hvað á daga **Þekkingarsetrisins** hefur drifið síðan í vor þegar **Fróðleiksfúsi** var kynntur til sögunnar og ræddi líka um tónlistarsköpun sína.

Vinsæll Fróðleiksfúsi

„Fróðleiksfúsa hefur verið mjög vel tekið og við höfum tekið á móti mörgum hópum fjölskyldna sem vilja fræðast um dýrin og náttúruna. Búið er að þýða hann yfir á pólsku og ég myndi halda að fleiri gestir hafi komið og heim sótt okkur í sumar en fyrri ár og Fróðleiksfúsi á pottþétt sinn þátt í því. Leikurinn verður í stöðugri þróun má segja, ég get sjálfur bætt dýrum inn í leikinn en get auðvitað ekki talað pólskuna inn en við höfum fengið til liðs við okkur frábæra þýðendur sem sjá um að þýða handritið. Bakendakerfið á leiknum er þannig gert að auðvelt er fyrir mig að bæta dýrum við en hönnunarfyrirtækið **Jökulá** sér svo um grafík auk þess sem forritararnir sem komu að gerð leiksins með mér aðstoða mig enn. Markmiðið er að barn sem kemur kannski í ágúst og prófar leikinn, geti komið aftur í maí þegar opnar aftur árið eftir og þá eru búin að bæta ný dýr inn í leikinn og ýmsar viðbætur. Dýrunum mun fjölga og verður gaman að sjá hvernig leikurinn þróast í framtíðinni.“

Margar sýningar

Þekkingarsetrið er ofan á þetta með nokkrar sýningar í gangi yfir

sumarið og sumar þeirra hafa verið í gangi í fjölda ára. Sú elsta, náttúrugripasýningin telur brátt þrjá áratugi sem dæmi. Hún hefur breyst með tilkomu **Fróðleiksfúsa** og vekur mikla kátinu barna auk þess að vera miðpunktur leik- og grunnskólaheimsókna á vorin. Sýningin **Huldir** heimar hafsins, ljós þangálfanna fagnar áratugi í húsi í mars á næsta ári en sú sýning á að vekja unga sem aldna til umhugsunar um lífið í sjónum og er tileinkuð minningu **Guðmundar Páls Ólafssonar**, rithöfundar og náttúrufræðings. **Listræn** hönnun var svo í höndum **Katrínar Þorvaldsdóttur** í samstarfi við **Þekkingarsetrið**.

„Við hýsum svo eina veglegustu sögusýningu Suðurnesja, **Heimskautin** heilla, sem fjallar um líf og störf skipstjórans **Jean Baptiste Charcot** og rannsóknarskip hans **Pourquoi-Pas?** sem fórst við **Álftanes** á Mýrum í september 1936. Sýningin er samstarf okkar, fjölskyldu **Charcot**, Háskóla Íslands og er í eigu **Suðurnesjabæjar**. Það er nóg að gera hjá okkur, verkefnið jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Þegar sýningar loka í september tekur t.a.m. við starfsgreinakynning fyrir nemandur eldri bekkja grunnskóla á **Suðurnesjum** ásamt **SSS** sem fer fram í september í íþróttahúsinu við **Sunnubraut** í **Reykjanesbæ**. Það mæta rúmlega 1000 unglingar og vel yfir 100 starfsgreinar eru kynntar. Þá styttest einnig í bæjarhátíð **Suðurnesjabæjar** en þá ætlum við að bjóða upp á pylsur og frían aðgang á sunnudeginum en frítt er inn alla helgina. Frábært tækifæri til að kynna sér **Fróðleiksfúsa** og virða fyrir sér vegglistaverk skapandi sumarstarfa. Við tökum þá einnig á móti vísindamönnum allt árið um kring og alþjóðlegum háskólahópum sem starfa og dvelja hjá okkur bæði til lengri og skemmri tíma.“

Fróðleiksrokkarinn

Fyrir utan að starfa sem verkefnastjóri í **Þekkingarsetrinu** starfar **Daníel** sem tónlistarmaður. Hann fékk snemma áhuga á tónlist og eftir að hafa legið í dvala eftir ungl-

ingsárin, rifjaði hann upp kynnin við tónlistargöjuna og hefur síðan þá gefið út tónlist og haldið tónleika úti í heimi.

„Það hefur alltaf verið mikil tónlist í fjölskyldunni, mikið sungið en pabbi, **Diddú** og **Páll Óskar** eru systkinabörn. Ég byrjaði að syngja um svipað leyti og ég byrjaði að skrifa, systir mín segir mig hafa sungið harmoníur með útvarpinu og ég hafði alltaf mikinn áhuga á tónlist. Ég fór fimm ára í rokklingaskólann heitinn og þegar ég var sex ára gamall vildi ég læra á saxófón en þurfti að gera mér klarinett að góðu því ég gat fengið slíkt hljóðfæri lánað. Ég lærði í einhver ár en myndi líklega ekki getað spilað lag til að bjarga lífi mínu í dag. Átta, níu ára fór ég að hafa áhuga á gítar, fór á gítarnámskeið hjá dönskukennaranum mínum og upp frá því varð gítarinn mitt hljóðfæri. Ég kenndi mér svo á pianó síðar.

Ég var búinn að stofna hljómsveit tíu, ellefu ára en var full stjórnsamur og var rekinn úr þeirri ágætu hljómsveit sem ég stofnaði. Ég var með stórar þælingar og yfirgang, engin vettlingatök. Við áttum að sigra heiminn að mínu mati en félagar mínir voru ekki alveg á sömu línu og voru slakari. Ég var aðeins iðinn áfram en sjálfstraustið var ekki til staðar og molnaði einhvern veginn niður og ég setti allt í frost, að minnsta kosti fyrir framan aðra og dró mig inn á við. Ég fór að vinna mikið hinum megin við tónlistarborðið má segja, vann bæði sem blaðamaður hjá tón-



„Fróðleiksfúsa hefur verið mjög vel tekið og við höfum tekið á móti mörgum hópum fjölskyldna sem vilja fræðast um dýrin og náttúruna. Búið er að þýða hann yfir á pólsku og ég myndi halda að fleiri gestir hafi komið og heim sótt okkur í sumar en fyrri ár og Fróðleiksfúsi á pottþétt sinn þátt í því.“

listarblöðum, flutti inn tónlistarmenn og kynntist öðrum, mikilvægum hlíðum bransans. Þótt ég væri ekki að koma fram var ég samt alltaf eitthvað að vinna í tónlist heima hjá mér og fékk hvatningu frá mönnum sem ég leit mikið upp til, t.d. strákanna í **Minus**, **Lights on The Highway** og fleirum sem höfðu trú á mér. Eftir að ég flutti inn minn uppáhalds söngvara, **Mark Lanegan** í **Fríkirkjuna** árið 2013 fór sjálfstraustið batnandi og trúin eflidist og ég eignaðist góðan vin og stuðningsmann í **Mark** sem hvatti mig áfram sömuleiðis. Ég sakna hans mikið en hann féll frá árið 2022. Fyrsta platan okkar, **Labyrinthia** er tileinkuð minningu hans.



Ég er í hljómsveit sem heitir eftir mér en við eigum allir í lögnum og tónlistinni. Þannig vil ég helst hafa það. Þeir eru hráefnin sem hristir saman það sem mig dreymir um. Litli **Daníel** sem lét reka sig úr hljómsveit sem hann stofnaði sökum stjórnsems, hefur þroskast mjög mikið og við vinnum alla hluti saman í hljómsveitinni. Eftir á að hyggja held ég að ég hafi bara haft of mikinn metnað og hungur sem ég finn fyrir góðu jafnvægi á dag. Þegar við semjum kem ég oftast með grunninn en svo vinnum við allir úr því og erum allir skrifadír fyrir lögnum en ég sem textana. Við gafum út þröngskífu (**EP**), svona vel stíliserað demo árið 2020 og áttum á þeim tíma að fara í tónleikaferð í **Bretlandi** með **Mark Lanegan**. **COVID** gerði þær fyrirætlanir að engu og í staðinn fórum við inn í stúdíó og tökum upp okkar fyrstu breiðskífu, sem kom út í fyrra. Við stefnum á að sú næsta komi út í apríl á næsta ári,“ segir **Daníel**.

Bakkus á bekkinn og ný vidd opnaðist

Daníel tók ákvörðun fyrir átta árum að segja skilið við **Bakkus** og vill meina að út frá því hafi eitthvað losnað úr læðingi.

„Ég sé eftir þessum árum sem ég setti tónlistina á bekkinn og það er erfitt að setta sig við að hafa ekki nýtt fyrri ár betur, ég gæti verið orðinn mun betri gítarleikari t.d. ef ég hefði farið í **FIH** eins og margir í kringum mig eða gefið út haug af efni. Ég myndi vilja getað lesið nótur en ég þarf bara að rifja þær upp frá tónmenntinni í gamla daga. Ég nota eyrað svo mikið að ég finn alltaf leið og ég tel þessi ár hafa verið mikilvægur skóli fyrir það sem ég er og geri í dag. Eftir hvatninguna á sínum tíma frá mönnum sem ég leit upp til, hef ég í raun verið á fullu en svo gerðist eitthvað gott þegar ég ákvað að hætta að drekka fyrir átta árum síðan. Eftir það breyttist viðhorf mitt má segja og ég fór að takast á við sjálfan mig, lífið og lexiurnar í gegnum listsköpun en ekki sjálfs-eyðingarhvat. Ég lærði að faðma óargadýrið og temja það einhvern veginn. Í dag finnst mér ég geta tjáð mig óheflað og berskjaldað mig og er nokk sama hvað öðrum finnst, því ég veit að ég er sannur sjálfum mér í lífi og list.“

Trúr sjálfum sér

„Ég vil vera trúr sjálfum mér í minni tónlistarsköpun í stað þess að elta einhver norm eða bólur ef þannig mætti orða hlutina. Ég hætta sjálfur að drekka, þ.e. ég fór ekki í meðferð en tókst á við þetta í gegnum sköpun og hálfgerðan hreinsunareld sem mér fannst mikilvægt að takast á við einn og óstuddur, þó ég hafi auðvitað haft stuðning fólksins míns í ferlinu. Mér finnst ég betri listamaður og manneskja í dag og finnst ég geta komið til dyrranna eins og ég er klæddur, þó ég sé enn að glíma við skuggana þá hef ég lært að lifa með þeim.“

Okkur hefur líka gengið nokkuð vel myndi ég segja, við höfum t.d. fengið mikla útvarpsspilun á útvarpsstöðinni **KEXP** í **Seattle**, á **Íslandi** og á **Ítalíu** m.a. og fengið að ferðast mikið til að spila fyrir allskonar fólk. Lagið okkar **Birds** vakti athygli árið 2020 og út frá því fengum við tækifæri á að spila erlendis, bæði í **Bandaríkjunum** og í **Evrópu**. Við erum að vinna næstu plötu öðruvísi en þá síðustu, við eyðum meiri tíma í æfingahúsnæðinu í stað þess að setja hana saman í hljóðverinu og ég er hjart-sýnn á útkomuna. Platan er reiðari en sú fyrri og þyngrri en helst í svipaðan streng í þema. Við erum að plana tónleikaferð samhliða þessu en við erum allir í vinnu og með fjölskyldu svo við gerum þetta á okkar hraða. Við þurfum svolítið að hugsa tónleikaferðalög eins og að kíkja í veiði eða golfferðir. Við erum bjartsýnir á framtíðina,“ sagði **Daníel** að lokum.



Matur og alls kyns upplifun á Sjávarsetrinu

„Við leggjum mikið upp úr notalegu andrúmslofti, það telur ekki minna en bragðgóður matur að okkar mati,“ segir Arna Björk Unnsteinsdóttir, annar eigenda Sjávarsetursins en hún á og rekur staðinn ásamt eiginmanni sínum, Símoni Hauki Guðmundssyni. Staðurinn sem áður hét Vitinn og var lengi við lýði í Sandgerði, fékk nýja eigendur og nafn í miðjum COVID-faraldri, það voru fyrst tvenn hjón sem ráku staðinn en Arna og Símon hafa verið ein í rekstrinum síðan í fyrra. Fyrir utan að vera veitingastaður, er Sjávarsetrið líka pöbbsandgerðinga en mikið er um alls kyns uppákomur, allt frá lifandi tónlist yfir í bingó.

SUÐURNESJABÆR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Staðurinn gerði til að byrja með mest á út á sjávarfang en Arna sér fyrir sér að breyta áherslunum aðeins.

„Þegar við byrjuðum lögðum við áherslu á sjávarfangið en erum að hugleiða að minnka það hlutfall aðeins á matsaðlinum. Ferðafólk er uppistaða gesta á kvöldin, eins



fáum við marga sem eru annað hvort nýkomnir úr flugi eða á leið í flug og þá er þessi týpíski skyndibiti vinsælastur en við munum halda áfram með ostrur, þær hafa alltaf verið vinsælar, við erum með þær lifandi í körum í bakgarðinum og þar getur fólk líka setið á blívíðrisdögum. Við erum alltaf með hádegismat sem er mikið sóttur af vinnandi fólki og á kvöldin erum við allt frá því að vera tilvalinn staður fyrir rómantískt stefnumót, yfir í að geta gripið í eitthvað fljótlegt. Við fáum alltaf talsvert af



Arna Björk Unnsteinsdóttir ásamt eiginmanni sínum, Símoni Hauki Guðmundssyni.

hópum, allt frá nemendum sem eru hinum megin við götuna í Fræðasetrinu, yfir í allskyns ferðahópa á sumrin en um helgar bjóðum við upp á þriggja rétta matseðil.

Aðstaðan hjá okkur er mjög góð myndi ég segja, í hádeginu er algengt að menn fái sér krú í sófanum og oft er gripið í bæði pianóíð og gítarinn. Við leggjum mjög mikið upp úr persónulegri þjónustu og viljum hafa heimilislegt og notalegt andrúmsloft, við fáum alltaf góða einkunn hjá kúnnanum, ekki bara fyrir matinn heldur andrúmsloftið líka.“

Lifandi tónlist

Sjávarsetrið er líka samkomustaður Sandgerðinga, mjög algengt er að



boðið sé upp á lifandi tónlist en margar aðrar uppákomur eiga sér líka stað.

„Þar sem við stöndum vaktina líka í eldhúsinu ákváðum við að vera bara með leyfi til eitt, það hefur gefið góða raun og þá eru Sandgerðingar og aðrir gestir ein-

faldlega mættir fyrir til að skemmta sér. Eigum við ekki að segja að þetta sé eitt af því jákvæða sem COVID leiddi af sér, ég held að svona skemmtanaform sé miklu hollara og betra, í stað þess að vera að langt fram eftir nóttu. Við erum mjög oft með trúbador eða hljómsveit og svo getum við líka boðið upp á karaoke, það er alltaf góð stemning sem myndast hjá okkur, staðurinn er hæfilega stór svo auðvelt er að ná upp góðri stemningu. Við höfum ekki verið að gera út á enska boltann, oft eru komnir matargestir sem vilja bara upplifa rólegheit sem passar kannski ekki alveg við upplifun aðdáanda enska boltans en fólk getur að sjálfsögðu haft samband og athugað stöðuna, alltaf hægt að skella boltanum á skjávarpann ef aðstæður eru fyrir hendi. Í raun getum við boðið hópum upp á allskyns viðburði, það eina sem þarf að gera er að hafa samband og við reynum að verða við öllum óskum.

Við verðum með konukvöld á miðvikudagskvöldinu þegar bæjarhátíð Suðurnesjabæjar fer fram, Marta Eiríks sem er hédan er að gefa út nýja bók og mætir til að kynna hana. Tvær söngdívur mæta og skemmta og svo á laugardagskvöldinu verðum við með trúbador að lokinni flugeldasýningunni. Venjuleg opnun þar fyrir utan og við hlökkum til að taka á móti Sandgerðingum og Garðbúum að sjálfsögðu líka, já og bara öllum gestum,“ sagði Arna að lokum.

Nemendalýðræði í Sandgerðisskóla sem tekur þátt í bæjarhátíðinni

„Það verður gaman að fá Háskólalestina í heimsókn til okkar,“ segir Bylgja Baldursdóttir, skólastjóri Sandgerðisskóla en skólahald hefst á morgun, fimmtudag. Sandgerðingar fengu nokkra Grindvíkinga í skólann til sín síðasta vetur og gengu umskiptin vel fyrir sig að mati Bylgju en nokkrir hafa horfið á braut en aðrir komið í staðinn. Sandgerðisskóli tekur þátt í bæjarhátíð Suðurnesjabæjar sem hefst í næstu viku og Bylgja er hjartsýn fyrir komandi skólaár, segist vera með einvala starfslið.

SUÐURNESJABÆR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Bylgja er að hefja sitt fjórða skólaár sem skólastjóri ef með er talin afleysing til að byrja með. Þar áður hafði hún lengi unnið við skólann enda er hún Sandgerðingur í húð og hár.

„Ég er búin að starfa við skólann í tuttugu ár, fyrst sem kennari í tíu ár, svo deildarstjóri, síðan aðstoðarskólastjóri og er að hefja mitt fjórða skólaár sem skólastjóri. Það

eru 310 nemendur skráðir til náms á þessu komandi skólaári og mæta börnin á morgun, yngri kynslóðin kl. 8:15 og þau eldri kl. 9, þannig hefur það verið til fjölda ára. Það varð auðvitað breyting hjá okkur eins og mörgum öðrum skólum þegar hremmingarnar í Grindavík áttu sér stað, við fengum ellefu Grindvíkinga í skólann og gengu vistaskiptin afskaplega vel myndi ég segja, börnin aðlöguðust fljótt og örugglega. Sumir af þeim eru fluttir annað en aðrir koma í staðinn, Grindvíkingar eru að koma undir sig öruggu landi en í vetur voru þau á flotta og fóru þangað sem þau gátu farið

og börnin gengu í viðkomandi skóla eða voru í safnskólanum í Reykjavík. Við munum að sjálfsögðu áfram taka vel á móti grindvískum börnum, eins og öllum öðrum.“

Aðkoma að bæjarhátíðinni

Hefð er fyrir því að Sandgerðisskóli taki þátt í bæjarhátíð Suðurnesjabæjar sem hefst á mánudaginn, nóg verður í gangi fyrir börn að aðra.

„Við erum alltaf með óvænt atriði á fimmtudeginum fyrir nemendur, þá kemur einhver listamaður eða -kona og skemmtir börnunum. Í fyrra kom t.d. Prettiboitjokko en ég get að sjálfsögðu ekki upplýst hér hver kemur þennan fimmtudag. Þetta hefur alltaf mælst vel fyrir og börnin skemmt sér hið besta.

Svo fáum við Háskólalestina til okkar á föstudeginum en fyrir þá sem ekki þekkja til, þá er megináhersla Háskólalestarinnar að



kynna vísindi á lifandi og fjölbreyttan hátt fyrir ungu fólki, styðja við starf grunnskóla og efla tengsl HÍ við landsbyggðina. Í áhöfn lestarinnar eru margreyndir kennarar og nemendur, sem margir hverjir starfa einnig sem leiðbeinendur í Vísindasmiðju HÍ og Háskóla unga fólksins, sem hafa notið mikilla vinsælda eins og lestin sjálf. Sjötti til tiundi bekkur fá kennslu og þá öðruvísi kennslu frá þessu flotta fólki og á meðan fara yngri bekkirnir í ratleik. Almennangi verður svo gefinn kostur á að kynna sér út á hvað Háskólalestin gengur á laugardeginum milli tvö og fjögur og auðvitað er kynning á starfsemi háskólans í leiðinni.

Skólaárið leggst annars vel í mig, ég er mjög ánægð með starfsfólki mitt, valinn maður í hverju rúmi og ég er líka ánægð með það að undanfarin tvö ár hefur nemendalýðræði verið við lýði. Nemendur hafa fengið tækifæri á að taka þátt í ýmsum ákvörðunum innan veggja skólans og hefur það gengið mjög vel. Skólinn er í nánú samstarfi við Þekkingarsetrið, tónlistarskólann og bókasafnið, þetta er allt saman nánast á sama reitnum. Við höfum undanfarin ár lagt mikla áherslu á náttúrugreinar vegna þess frábæra starfs sem unnið er í Þekkingarsetrinu, Fróðleiksfúsi hefur vakið mikla kátinu barna í skólanum. Ég hlakka mikið til vetrarins,“ sagði Bylgja að lokum.





Már Gunnarsson í sundlauginni.
Mynd úr einkasafni.

MÁR TIL PARÍSAAR

og Max upp í sveit

Paralympics 2024 hefst í París þann 28. ágúst næstkomandi. Fimm þátttakendur fara til keppni á leikunum, þar á meðal sundmaðurinn Már Gunnarsson frá Reykjanesbæ. Fjögur keppa í sundi og einn keppandi er í kúlurvarpi. Á meðan Már ætlar að mála París rauða fer hans hægri hönd, leiðsöguhundurinn Max, í íslenska sveitiferð og ætlar að njóta lífsins víðs fjarri skarkala Parísarborgar.

VF SPORTVÍÐTAL

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



„Ólympíuleikar fatlaðra leggjast hrikalega vel í mig. Ég er að fara á leikanna í annað skiptið og á öðrum forsendum en síðast. Ég er eldri og þroskaðri en síðast og betur undirbúinn fyrir þetta verkefni. Þá er Covid líka búið. Ég vil meina að síðustu leikar hafi verið smá upphitun hjá mér,“ segir Már Gunnarsson sundmaður í samtali við Víkurfréttir. Hann heldur utan til Parísar á laugardaginn til þátttöku á Ólympíuleikum fatlaðra. Már mun svo keppa þann 1. september.

Þú náðir lágmarkum í nokkrum greinum en ætlar að einbeita þér að einni grein?

„Já, 100 metra baksund er mín sterkasta grein og ég tók þá ákvörðun að keppa bara í henni.“

Hvernig hafa æfingar gengið í þeirri grein, eru bætingar?

„Nei, Íslandsmetrið sem ég setti í Tokyo stendur enn óhaggað. Það skilaði mér í fimmta sæti þá. Æfingar hafa gengið mjög vel, bæði úti í Bretlandi en einnig hér heima á Íslandi. Ég hef verið að æfa stíft og leggja alla mína vinnu í þetta og er kominn með gott sjálfstraust fyrir leikana.“

Veistu hverjir verða með þér í lauginni. Er þetta sömu eða ný nöfn frá því síðast?

„Það eru einhver ný nöfn en ég er ekkert að velta því fyrir mér. Ég ætla bara að synda mitt sund og vonandi að bæta í þannig að það skili mér góðu sæti. Ef ég bæti mig um eina til tvær sekúndur þá er ég alveg að berjast um verðlaunasæti.“

Spenntur fyrir Parísarför

Már segist vera mjög spenntur fyrir því að fara til Parísar. Þangað hafi hann ekki komið áður. En stóra spurningin er, fer leiðsöguhundurinn Max með á Ólympíuleika fatlaðra?

„Ég hugsaði alveg út í það en ég ákvað að hann færi frekar upp í

sveit hér heima á Ísland og hefði gaman þar frekar en að dröslast með mér til Parísar og háma í sig croissant og baguette,“ segir Már og hlær.

Már er með mörg járn í eldinum. Samhliða æfingum fyrir Ólympíuleikana er hann að taka upp plötu og skipuleggja þrenna stórtónleika ásamt the Royal Northern College



Íslenski hópurinn sem tekur þátt í leikunum á þessu ári.



Már og Max saman á flugvælinum í Luxemborg. Nú fer Már til Parísar og Max í íslenskt sumarfrí.

of music Session orchestra. Einir tónleikar verða í Manchester á Englandi og tveir heima á Íslandi, allir í nóvember. Þá er að koma út nýtt lag á fimmtudaginn. Það heitir Spirit in Motion og er tekið upp með fyrrnefndri hljómsveit.

Þessir tónleikar eitthvað annað

„Þessir tónleikar eru eitthvað allt annað en ég hef tekist á við áður. Við verðum þrjátíu og þrjú á sviðinu. Svo verða góðir gestir eins og Laddi. Þá mæta líka mínar ómissandi stórsöngkonur, Ísold og Íva.“ Tónleikarnir hér heima verða í Salnum í Kópavogi og Stapanum í Reykjanesbæ.

En um hvað er nýja lagið sem kemur út í vikunni?

„Það er verkefni sem ég vil kalla óð til Ólympíuleikanna, þar sem ég sem íþróttamaður segi söguna af því hvað fólk þarf að leggja á sig til að ná þessum árangri að komast á

þetta stóra mót og fá að keppa á stærsta íþróttasviði heims.“

Hvernig gengur svo í náminu í Manchester?

„Það gengur bara vel. Ég held að ég hafi ekki getið fengið betri skóla fyrir mig. Ég hef skilgreint mig í blöndu af poppi, klassík og jazz-tónlist. Þessi skóli er einmitt á þeim nótum en margir skólar eru meira afmarkaðir á ákveðna tónlistarstefnu. Svo hef ég aðgang að stórkostlegu tónlistarfólki eins og Northern College of Music Session Orchestra. Þetta fólk sem er í kringum mig í Manchester er allt upprennandi hljóðfæraleikarar í bresku símfóníunni. Svo er fullt af fólki hér með góð sambönd og flottir kennarar, þannig að ég er í góðum málum.“

Og það er stutt á sundæfingar?

„Já sundlaugin er bara í næsta húsi við skólann, þannig að það er stutt að ganga bara yfir.“



MARK. Skemmtileg mynd af fyrsta marki Keflavíkur gegn Dalvík/Reyni síðasta sunnudag. Mihael Mladen skorar. VF/hilmarbragi.

Misjafnt gengi Suðurnesja-liðanna í knattspyrnunni

Keflavík situr á botni Bestu deildar kvenna í knattspyrnu og hefur aðeins unnið þrjá leiki á tímabilinu. Þær keflvísku töpuðu fyrir FH síðasta laugardag þrátt fyrir að hafa verið þremur mörkum yfir í hálfleik. Þær hafnfirsku skorðu fjögur mörk í síðari hálfleik. Keflavík er með 9 stig eins og Fylkir en bæði liðin eru þremur stigum á eftir Tindastóli en þessi þrjú lið hafa vermt botnsætin í deildinni í sumar. Keflavík heim-sækir Tindastól í síðasta leik fyrir úrslitakeppni.

Grindavík er í botnbaráttu í Lengjudeild kvenna og er í þriðja neðsta sæti. Þær grindvísku unnu 4-0 sigur á ÍR í síðustu umferð.

Karlalið Keflavíkur hefur unnið sex af síðustu sjö leikjum í Lengjudeildinni og vann Dalvík-Reyni síðasta sunnudag 3-1 á HS Orku velli í Keflavík. Keflavík er í 3. sæti með 31 stig.

Njarðvík er í 4.-5. sæti, þremur stigum á eftir Keflavík en liðið gerði 1-1 jafntefli við ÍR á Rafholtsvellinum í síðustu umferð. Njarðvík leikur gegn Gróttu á fimmtudag 22. ágúst en Keflavík og Grindavík eiga næstu leiki gegn Þrótti og Dalvík/Reyni á laugardag.

Grindavík er í 8. sæti og þarf að ná góðum úrslitum í síðustu fjórum umferðunum til að komast í efri hlutann fyrir úrslitakeppnina.

Þróttur í Vogum er í 3.-4. sæti 2. deildar karla en **Sandgerðingar** eru í botnsætinu, fjórum stigum á eftir KF í næst neðsta sæti. Nágrannaslagur Þróttar V og Reynis fer fram miðvikudaginn 21. ágúst. Sjá nánar á vf.is.

Vidur úr Garði er í 2. sæti í 3. deild karla en Kári er sjö stigum ofar í efsta sæti. Viðismenn eru í harðri baráttu við Augnablik og Árbæ um 2. sætið.



Aníta Lind Danielsdóttir í baráttunni við FH-ing. VF/hilmarbragi.

„Fljótt að telja þegar jafntefli verða að sigrum“

■ Keflvíkingar á flugi í seinni umferð Lengjudeildarinnar

„Við höfum náð að breyta jafntefli yfir í sigurleiki, það er fljótt að telja,“ segir Haraldur Guðmundsson, hjálpari karlaliðs Keflavíkur í knattspyrnu en eftir dapra byrjun í Lengjudeildinni þar sem stigastöfnunin var ekki nema 12 stig úr ellefu leikjum, hafa Keflvíkingar bætt 19 stigum við í sjö leikjum í seinni umferðinni, hafa unnið sex leiki og gert eitt jafntefli.

Hvað veldur þessum viðsnúningi?

„Við vorum með ansi marga leikmenn meidda á sama tíma í upphafi móts og þegar þeir fóru

að koma til baka auk þess sem við bættum við okkur krótíska framherjanum Mihael Mladen í glugganum, þá fór okkur að ganga betur. Spilamennskan var samt ekkert slæm, við misstum marga leiki niður í jafntefli og það stig telur ansi lítið þegar allt kemur til alls. Við vorum meira bikarlið til að byrja með, slógum út Bestu deildarliðin Breiðablik og ÍA en gengið í deildinni á þeim var ekki upp á það besta en ég var nokkuð rólegur, þóttist vita að við myndum bæta okkur þegar menn kæmu til baka úr meiðslum því þá eykst líka samkeppnin á æfingum.“

Hver voru markmiðin fyrir tímabilið og hvernig sér Haraldur lokasprettinn fyrir sér?

„Markmið okkar var í raun að fara í alla leiki til að vinna þá og ef það myndi skila okkur sæti í efstu deild þá væri það gott. Ég fann og finn ekki fyrir neinni pressu, ef við komumst upp aftur þá verður það frábært en annars tókum við bara því sem að höndum ber. Við eigum fjóra erfiða leiki eftir, næst er það útileikur á móti Þrótti í Reykjavík á laugardaginn, við gerðum jafntefli við þá í fyrri umferðinni. Svo eigum við topplið Eyjamanna, löbbum svo yfir í Njarðvík og mætum grönnum okkar og mætum svo Fjölni sem er í öðru sæti. Þetta eru allt hörku-leikir og ómögulegt að spá fyrir um framhaldið.“

Ég er ekki hrifinn af þessu fyrirkomulagi að eitt lið fari beint upp

og svo útsláttarkeppni næstu fjögurra um eitt sæti, frekar myndi ég vilja láta tvö lið fara beint upp og liðið í þriðja sæti myndi mæta liðinu í 10. sæti í Bestu deildinni. Við tókum á þessu þegar þar að kemur en það er alltaf best að einbeita sér bara að næsta leik, við mætum grimmir til leiks á móti Þrótturum á laugardaginn,“ sagði Haraldur að lokum.



Haraldur og Hólmar Rúnarsson, aðstoðarhjálpari hafa haft ríka ástæður til fagna að undanföru. VF/jpk.



Hart barist í leik Reynis og Selfoss á Blue velli í Sandgerði.



7. flokkur stóð sig vel

Strákarnir í A-liði 7. flokks Keflavíkur stóðu sig vel á móti í Reykjavík um síðustu helgi. Þeir unnu fimm leiki sína á móti Valmönnum, FH, Selfossi, Haukum og ÍBV. Á skemmtilegri mynd sem við fengum senda má sjá þá Róbert George, Sævar Kára, Hafþór Loga, Viktor Örn og Elvar.

Nýr leikskóli í Suðurnesjabæ tekinn til starfa

Nýr leikskóli í Suðurnesjabæ, Grænaborg, hefur formlega hafið starfsemi sína og fóru fyrstu börnin að streyma inn í skólann síðastliðinn fimmtudag. Aðlögun yngstu barna hófst á föstudag og hafa foreldrar og börn fengið að kynnast skólanum, húsnæðinu og starfsfólki á sínum forsendum. Stuðst er við þátttöku aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í aðlögunarferlinu. Þetta kemur fram á vef bæjarfélagsins.

Á öðrum og þriðja degi aðlögunar var boðið upp á stutta fyrirlestra fyrir foreldra barna sem voru í aðlögun. Það voru þær Hjördis Hafsteinsdóttir, talmeinafræðingur og Herdis Hallsdóttir, sálfræðingur



Leikskólinn Grænaborg í Sandgerði fellur vel inn í umhverfið. VF/Hilmar Bragi

sem fjölluðu annars vegar um málþroska ungra barna og hins vegar um uppeldi barna og mikilvægi þess að vera góðar fyrirmyndir.

„Við horfum full tilhlökkunar til haustsins og nú styttist í að

nýr leikskólalastjóri, Arnbjörg Elsa Hannesdóttir, hefji störf. Við bíðum þess að fá að njóta útsvæðisins eins vel og við njótum þess að vera í þessu fallega húsnæði. Þangað til eru börnin að

nýta móann sem er allt í kringum skólann og stéttar og palla sem eru upp við hús. Haustið lofar sannarlega góðu fyrir börn, starfsfólk og foreldra Grænumborgar,“ segir í pistli á vef Suðurnesjabæjar.



Mundi

Svo er bara að fá sér sauðfé á þakið á leikskólanum.

NÝBURAR

Ólympíustund á milli stríða

Það hefur ekki farið framhjá neinum að sumarið 2024 er Ólympíusumarið mikla í París. Eins og ég gerði að umtalsefni hér á þessum vettvangi fyrr í sumar hefur Parísarborg verið undirlögð af leikunum og daglegt líf íbúa og gesta verið nokkuð frábrugðið því sem venjulegt er. Nú er tveggja vikna Ólympíustund á milli stríða til 28. ágúst þegar Ólympíuleikar fatlaðra hefjast með pompi og prakt.

Við fjölskyldan fengum leikana beint í æð og ég verð að segja að það var talsverð upplifun að vera hér á meðan á þeim stóð. Hverfið okkar og borgin öll iðaði af lífi, alls staðar var búið að setja upp tíma- bundna leikvanga og tilheyrandi skreytingar. Við fórum reyndar ekki eins mikið á íþróttavíburðina

sjálfa eins og við hefðum viljað og fylgdumst því mest megnis með keppninni sjálfri í sjónvarpi. Eiginmaðurinn varði þó heilum degi á hinum víðfræga National golfvelli að fylgjast með spennandi keppni þar, yngri sonurinn horfði á Paragvæ mæta Ísrael í markaveislu á Parc du Princes og svo fylgdumst við með hjólréiðakeppni á götum Parísar, svo eitthvað sé nefnt.

Markmið Frakka að innlima leikana inn í Parísarborg og gera hana að einum stórum Ólympíuleikvangi tókst fullkomlega. Ég hef aldrei horft á flottari Ólympíuleika – allt frá mergjaðri opunarhátíð á Signu til lokahátíðarinnar á Stade de France – og hreint stórkostlegt hvernig kennileiti borgarinnar, frá Eiffel turninum, Louvre, Champs-Élysées, Les Invalides til

Sigurbogans og Signu gáfu þeim þetta extra myndræna „úmf“ sem erfitt verður að toppa hvar sem er í heiminum. Íþróttafrekin voru ekki heldur af verri endanum og aðdáunarvert að sjá þessa stórkostlegu íþróttamenn slá hvert metið á fætur öðru. Önnur kannski minni afrek, líkt og hin eftirminnilega frammistaða áströlsku breakdancers konunnar og stangarstökk franska karlmansins sem sjálf karlmennskan varð að falli, verða einnig lengi í minnum höfð!

Og nú fer að stytast í Ólympíuleika fatlaðra – spennan er mikil og verður gaman að fylgjast með þeim. Ekki síst fyrir okkur Suðurnesjamenn sem eigum okkar eigin frábæra fulltrúa, Mára Gunnarsson sundmann úr ÍRB. Við Helgi Matthías, sem æfði einmitt sund

LOKAORD



RAGNHEIDAR ELÍNAR

með ÍRB í mörg ár, ætluð sannarlega að mæta og hvetja okkar mann... það er að segja ef okkur tekst að ná okkur í miða á uppseldan leikvang! Við treystum á hið fornkveðna að þetta reddist!

Hvað segið þið hjá ÍRB – einhverjir aukamiðar hjá ykkur til sölu?



Stúlka fædd 6. ágúst 2024 á ljós-mæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Þyngd: 4460 grömm
Lengd: 53 sentimetrar
Foreldrar: Jóhanna S Áslaugsdóttir og Guðjón Óskar Elfarsson
Þau eru búsett í Sandgerði
Ljós móðir: Rebekka Jóhannesdóttir

Ljósanæturtilboð

30% afsláttur af öllum vörum.

Annað þar fylgir öllum margskiptum glerjum.

Tilboðið gildir 6. ágúst til 7. september.

Optical Studio

REYKJANESBÆR

Hafnargata 45 | 421-3811 | opticalstudio.is